587. Frumvarp til laga

um varnir gegn útbreiðslu mæðiveikinnar og stuðning til bænda, er beðið hafa tjón af henni.

(Eftir 3. umr. í Ed.)

Samhljóða þskj. 483 með þessum breytingum.

5. gr. hljóðar svo:

Aðalvarðlínur skulu vera þessar:

1. Meðfram Þjórsá frá sjó upp í Hofsjökul.
2. Meðfram Héraðsvötnum og Jökulsá eystri frá sjó og upp í Hofsjökul.
3. Milli Steingrímsfjarðar og Þorskafjarðar eða Berufjarðar.
4. Milli Kollafjarðar og Ísafjarðar.

Þessar aðalvarðlínur skal treysta með girðingum og varðmönnum eftir því, sem þörf krefur og öruggast er talið á hverjum stað.

23. gr. hljóðar svo:

Framkvæmdanefnd tilkynnir aðiljum, ekki síðar en í lok aprílmánaðar, hversu mikils styrks þeir megi vænta það ár. Sýslunefndin ákveður síðan, að fengnum tillögum viðkomandi hreppsnefnda, í hvaða vegum skuli unnið og hvernig þátttaka í vinnunni skiptist á milli hreppanna.